

VERKLAGSREGLUR - Hugvísindasviðs 2023-2024

Verklagsreglur sviðsráðs eru eftirfarandi

1. Sviðsráð skal funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði.
2. Sviðsráðsmeðlimir skulu mæta tímanlega á fundi.
3. Á fundum sviðsráðs hafa fulltrúar þess áheyrnar-, málfrelsis- og atkvæðisrétt.
4. Ef aðalfulltrúi í sviðsráði forfallast skal hann tilkynna forföllin til sviðsráðsforseta með góðum fyrirvara.
5. Þegar nýtt sviðsráð tekur við skal haldinn skiptafundur með fráfarandi sviðsráði.
 - a. Á þeim fundi skal fráfarandi formaður sviðsráðs tilnefna nýjan forseta.
 - b. Fulltrúar nýja sviðsráðsins kjósa um forsetann.
 - c. Kosið skal kjósa um ritara og samfélagsmiðlastjóra.
 - d. Verklagsreglur þessar skulu kynntar nýju sviðsráði á skiptafundi sviðsráðsins.
 - e. Ársskýrsla sviðsráðs skal afhent í lok starfsárs. Í henni koma fram helstu upplýsingar um starf sviðsráðs, almenn lýsing á starfi og skipulagi fráfarandi sviðsráðs.
 - f. Fráfarandi fulltrúar bera ábyrgð á því að nýkjörnir fulltrúar séu upplýstir um starfshætti og málavexti sviðsráðs.
6. Tímabilið milli kosninga til sviðsráðs og skiptafundar sviðsráðs skal nýtt sem aðlögunartímabil þannig að nýkjörið sviðsráð situr fundi með fráfarandi sviðsráði.
7. Forseti boðar fundi með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
8. Forseta er heimilt að boða fund innan tveggja sólarhringa séu allir fulltrúar sviðsráðs samþykki því. Dragi fulltrúi samþykki sitt til baka þá verður forseti að boða til fundar á ný.
9. Tveir meðlimir sviðsráðs geta krafið forseta um fundarboð.
10. Fundur telst löglegur ef meirihluti fulltrúa mætir á hann.
11. Haldinn skal opinn upplýsingafundur fyrir nemendum sviðsins um starf sviðsráðsins minnst einu sinni á starfsári.
12. Fundargerðir eru aðgengilegar öllum á þar til gerðum vettvangi á vegum sviðsráðsins.
 - a. Hægt er að kjósa um að hafa fundargerð ekki opna og þarf þá samþykki meirihluta.
13. Meðlimir sviðsráðsins skulu halda samskiptum sínum á faglegum nótum.
14. Verklagsreglur sviðsráðs eru aðgengilegar öllum stúdentum á student.is.
15. Sviðsráð ber ábyrgð á að kynna þjónustu Háskóla Íslands og réttindaskrifstofu SHÍ fyrir nemendum sviðsins, þar á meðal verklagsreglur og fagráð Háskóla Íslands um viðbrögð við kynferðislegri-og kynbundinni áreitni og kynferðislegu-og kynbundnu ofbeldi.
16. Samfélagsmiðlastjóri sviðsráðsins ber ábyrgð á samfélagsmiðlum ráðsins. Sá hinn sami skal upplýsa aðra sviðsráðsmeðlimi um þau efni sem birtast á samfélagsmiðlum.
17. Sviðsráð ber ábyrgð á að skipa nefnd til umsjónar á Hugvöku, hrekkjavökuballs Hugvísindasviðs, í samstarfi við nemendafélög Hugvísindasviðs.